



121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. kafli.

SAMEIGINLEGIR SKILMÁLAR.

1. Þeir sem váttryggðir eru.

- 1.1 Váttryggingartaki er váttryggður og fjölskylda váttryggingartaka sem hefur sama lögheimili á Íslandi og hann, sameiginlegt heimilishald og býr á sama stað.
- 1.2 Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila, svo sem rétthafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum tryggingarréttindum í eigninni. Váttryggingin er heldur ekki til hagsbóta fyrir nýjan eiganda og fellur niður við eigendaskipti. Váttryggingin gildir þó fyrir nýjan eiganda, ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum og nýi eigandinn hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

2. Váttryggingar sem eru innifaldar í Sumarhúsatryggingunni.

- 2.1 Váttrygging þessi stendur saman af annars vegar eignatryggingu vegna hússins sjálfs og innbúsmuna, sbr. (samanber) 2. kafla skilmálanna og eftirfarandi yfirlit í 2. mgr., og hins vegar ábyrgðartryggingu, sbr. 3. kafla skilmálanna.
- 2.2 Eignatryggingarhluti váttryggingar þessarar hefur að geyma eftirtaldar tegundir váttrygginga:

Váttryggingarsvið	Húsið	Innbúið
Brunatrygging innbús		x
Vatnstjónstrygging	x	x
Innbrots- og skemmdarverkstrygging	x	x
Fok- og óveðurstrygging	x	x
Glertrygging	x	
Þjófnaðar- og ránstrygging		x
Brots-, hruns- og sigtrygging	x	x
Skýfalls- og asahlákutrygging	x	x
Skammhlaupstrygging		x
Umferðaróhapp		x
Hreinlætistækjstrygging	x	
Frostsprungutrygging	x	
Snjópungatrygging	x	x
Sótfallstrygging	x	x
Innbúskaskó		Val
Kæli- og frystivörustrygging		Val
Ofhitnun á þvotti		Val
Gróðurinn	Val	
Eigur vana og vandamanna		Val
Orlofstækjstrygging		Val
Gervihnattadiskur	Val	
Viðbygging / sólpallur	Val	
Heitur pottur	Val	
Viðbótarbrunatrygging húseignar	Val	

- 2.3 Váttryggingartaki getur valið hvort eignatryggingin gildi einungis fyrir húseignina eða innbúið eða hvoru tveggja, svo og valkvæðar váttryggingartegundir í hvorum hluta. Váttryggingartaki getur ennfremur valið vegna húseignarinnar viðbótarbrunatryggingu. Um viðbótarbrunatryggingu húseigna fer eftir váttryggingarskilmálum brunatrygginga húseigna hjá félaginu (nr. 150) ásamt skildaga nr. 2 (Viðbótartrygging umfram brunabótamat). Fram kemur á váttryggingarskírteini hvaða þættir eru innfaldir í sumarhúsatryggingunni.

121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

3. Hið vátryggða.

3.1 Húseign

Vátryggingin nær til húseignar þeirrar eða hluta húseignar, sem nefnd er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun ásamt fylgifé, sem fellur undir lögboðna brunatryggingu húseignarinnar.

3.2 Innbú

Vátryggt er innbú og aðrir lausafjármunir á vátryggingarstaðnum, sem eru staðsettir þar að staðaldri. Með innbúi er átt við almennt innbú og persónulega muni sem fylgja að staðaldri sumarhúsum og teljast ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar. Skartgripir, úr, málverk og önnur listaverk eru samanlagt vátryggð að hámarki fyrir 10% af vátryggingarfjárhæð innbúsins. Verkfæri, varahlutir og áhöld sem vátryggður á og notar sjálfur í atvinnu sinni, bætast með allt að 5% af vátryggingarfjárhæð, enda séu þessi munir í sumarhúsi vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður.

4. Undanþágur og takmarkanir.

4.1 Munir sem vátryggingin bætir ekki:

- peningar og verðbréf,
- dýr, vélknúin ökutæki, hjólhýsi, tjaldvagnar, bátar eða hlutir sem tilheyra nefndum tækjum en hægt er að kaupa sér tryggingu fyrir orlofshúsatæki sbr. lið XX um orlofstækjatryggingu í 2. kafla skilmálanna.

5. Vátryggingarfjárhæð húseignar.

5.1 Vátryggingarfjárhæð miðast við brunabótamat húseignarinnar að því er tekur til eignarhluta vátryggðs eins og það er á hverjum tíma. Semja má um viðbótarfjárhæð vegna hinnar vátryggðu húseignar og er hennar þá getið sérstaklega í vátryggingarskírteini.

5.2 Aðrir hlutir, sem ekki falla undir brunabótamatið, s.s. (svo sem) áföst gróður- eða garðhús, girðingar sem steiptar eru niður, fánastengur, loftnet eða skermar, eru því aðeins vátryggðir að þess sé getið á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun eða vátryggt í sér tryggingu.

6. Vátryggingarfjárhæð innbús.

6.1 Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á vátryggingarárinu er sú vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Nauðsynlegt er að vátryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti alls innbúsins.

6.2 Ef breytingar verða á verðmæti innbús á vátryggingartímabilinu umfram breytingar samkvæmt vísitölu neysliverðs til verðtryggingar, er nauðsynlegt að vátryggður tilkynni félaginu það til þess að fullur bótaréttur haldist.

6.3 Undirtrygging

Ef heildarverðmæti hins vátryggða innbús er hærra en vátryggingarfjárhæðin, greiðir félagið aðeins hlutfallslegar bætur. Ef verðmæti innbús er til dæmis tvöfalt hærra en vátryggingarfjárhæðin, hefur það í för með sér að bætur, sem annars yrðu kr. (krónur) 1.000.000, verða aðeins kr. 500.000.

Hafi tjón á innbúi verið bætt, lækkar vátryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá tjónsdegi til loka vátryggingartímabilsins. Gegn hlutfallslegu viðbótariðgjaldi má þó hækka vátryggingarfjárhæðina í það sem hún var fyrir tjón.

7. Verðtrygging og vísitala.

7.1 Vátryggingarfjárhæðir og aðrar fjárhæðir sem tilgreindar eru í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun til afmörkunar á ábyrgð félagsins breytast einu sinni á ári við upphaf vátryggingartímabils í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar.

8. Vátryggingarstaður.

8.1 Vátryggingin gildir aðeins á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.



121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

9. Eigin áhætta.

9.1 Eigin áhætta váttryggðs vegna hvers tjónsatviks er sú fjárhæð sem nánar er tilgreind í skírteini eða iðgjaldskvittun.

10. Takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar.

10.1 Váttryggingin tekur ekki til tjóns sem hljótast við eftirtalin tilvik:

- strið, óeirðir, upptot, verkfallsaðgerðir eða aðra sambærilega atburði,
- tjón sem hljótast af völdum kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
- eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð, vatnsflóð og aðrar náttúruhamfarir nema annars sé sérstaklega getið,
- hvers konar líffræðileg eða efnafræðileg áhrif og/eða eitrun, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, sem hljótast af völdum hryðjuverka,
- kostnað vegna hreinsunar úrgangs- eða eiturefna í umhverfi eða jarðvegi vegna bótaskylds tjónsatburðar eða annars atviks.

11. Áhættuskoðun.

11.1 Félagið áskilur sér rétt til að áhættuskoða hið váttryggða hvenær sem þörf þykir.

12. Viðhald.

12.1 Váttryggðum ber að halda hinu váttryggða eðlilega við. Ef vanræksla á þessu leiðir til tjóns getur það valdið takmörkun bóta eða niðurfellingu þeirra.

13. Breytt áhætta.

13.1 Allar breytingar á gerð innbús, húseignarinnar eða notkun, er haft geta í för með sér aukna hættu á tjóni, skal tilkynna félaginu tafarlaust. Láti váttryggingartaki hjá líða að gefa slíka tilkynningu, getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins takmarkist eða falli niður, sbr. ákvæði laga um váttryggingarsamninga.

14. Tilkynning um tjón.

- Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust tilkynna félaginu um atvikið. Sama gildir ef hann fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má að váttryggingin ná til, verði gerð á hendur honum.
- Auk tilkynningar til félagsins skv. 1. mgr. skal jafnframt tilkynna lögreglu tafarlaust um innbrot, þjófnað, skemmdarverk og rán með ósk um rannsókn.
- Þegar um þjófnað er að ræða, verður váttryggður að sanna að slíkur atburður hafi átt sér stað. Félagið greiðir ekki bætur, þegar váttryggður hefur gleymt hlut, týnt honum eða farið þannig með að við missi mætti búast.
- Vanræksla á skyldum váttryggðs, skv. 1. til 3. mgr. getur varðað lækkun eða missi bóta efir lögum nr.(númer) 30/2004 um váttryggingarsamninga.

15. Ráðstafanir til varnar tjóni.

15.1 Þegar váttryggingaratburður hefur gerst eða hættu er á að hann beri að höndum, ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóninu. Vanræksla í því efni getur varðað lækkun eða missi bóta sbr. (samanber) lög um váttryggingarsamninga.

16. Ákvörðun bóta vegna tjóns á innbúi.

- Bætur miðast, að svo miklu leyti sem unnt er, við það að fjárhagsstaða váttryggðs verði sú hin sama og fyrir tjónið.
- Bætur greiðast á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir váttryggðan. Þegar tjón veldur eingöngu útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins váttryggða greiðast ekki bætur.
- Þrátt fyrir ákvæði í grein 16.2 og um er að ræða bætur vegna eftirtalinna muna þá gilda neðangreindar afskriftareglur:



121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Afskriftarreglur:	Ár án aldurs- frádráttar	Eftir það árlegur frádráttur
Fatnaður fullorðinna	1 ár	20%
Fatnaður barna	1 ár	30%
Hljómflutningstæki, sjónvörp og útvörp	2 ár	10%
Myndbandstæki/DVD og myndbandsupptökuvélar	1 ár	20%
Önnur rafmagnstæki, þó ekki tölvur	1 ár	10%
Myndavélar	1 ár	10%
Reiðhjól	1 ár	20%
Skíða- og viðlegubúnaður	1 ár	10%

Frádráttur getur hæstur orðið 70%.

Varðandi tölvur gildir sú sérregla að þær afskrifast um 10% á sex mánaða fresti, fyrst þegar tölvan er sex mánaða gömul. Tölvur fimm ára eða eldri bætast því ekki.

- 16.4 Bætur vegna tjóns á filmum, geisladiskum eða myndböndum takmarkast við verð á nýjum óáteknum filmum, geisladiskum eða myndböndum. Minjagildi bætist ekki.
- 16.5 Félagið ákveður hvort tjón sé bætt með greiðslu peninga, með greiðslu kostnaðar vegna fullnægjandi viðgerðar, eða með því að afhenda tjónþola muni samsvarandi þeim sem tjón varð á.
- 16.6 Tjón á munum sem tilheyra pari eða samstæðu bætast hlutfallslega.
- 16.7 Glataðir eða stolnir munir, sem koma fram eftir að bótageiðsla hefur verið innt af hendi, eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess.
- 16.8 Bætur vegna hvers einstaks hlutar innbúsins takmarkast við 10% váttryggingarfjárhæðar innbúsins nema annað sé tekið fram á skírteini eða iðgjaldskvittun.

17. Greiðsla iðgjalds.

- 17.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 17.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. (samkvæmt) 1. mgr. (málgrein) er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 17.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 17.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilifangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 17.5 Falli váttrygging niður skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 17.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

18. Gildistími, endurnýjun og uppsögn.

- 18.1 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist váttryggingin um eitt ár í senn nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. (grein) 17.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.
- 18.2 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.



121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

19. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi váttryggðs.

- 19.1 Valdi váttryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi, og sé um að ræða aðra váttryggingu en ábyrgðartryggingu, er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Hið sama gildir ef tjóninu er valdið af maka váttryggðs eða öðrum þeim sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.

20. Váttryggt hjá öðru félagi.

- 20.1 Þegar tjón hefur orðið og í gildi er önnur váttrygging sem tekur til tjónsins, skal uppgjör bóta fara fram eftir því sem mælt er fyrir um í 37. gr. laga nr. 30/2004.

21. Greiðsla bóta og vextir.

- 21.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. váttryggingarsamningalaga.

22. Endurkröfuréttur.

- 22.1 Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur.

23. Lög um váttryggingarsamninga.

- 23.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

24. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 24.1 Ágreiningi varðandi váttryggingasamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 24.2 Þrátt fyrir úrræði samkvæmt 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingataka.
- 24.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. kafli.

EIGNATRYGGINGAR.

25. Váttryggingar sem falla undir eignatryggingar.

- 25.1 Í váttryggingu þessari eru 23 tegundir váttrygginga, þarf af 9 valkvæðar, með eftirfarandi heiti:
- I. Brunatrygging
 - II. Vatnstjónstrygging
 - III. Innbrots- og skemmdarverkmatrygging
 - IV. Fok- og óveðurstrygging.
 - V. Glertrygging
 - VI. Þjófnaðar- og ránstrygging.
 - VII. Brots-, hruns- og sigtrygging.
 - VIII. Skýfalls- og ásahlákuþrygging.
 - IX. Skammhlaupstrygging.
 - X. Umferðaróhapp.
 - XI. Hreinlætistækjatrýgging.
 - XII. Frostsprungutrygging.
 - XIII. Snjóþungatrygging.
 - XIV. Sótfallstrygging.



121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- XV. Innbúskaskó.
- XVI. Kæli- og frystivöruþrygging.
- XVII. Ofhitun á þvotti.
- XVIII. Gróðurinn.
- XIX. Vinir og vandamenn.
- XX. Orlofstækjatrýgging.
- XXI. Gervihnattadiskur
- XXII. Viðbygging / sólpallur
- XXIII. Heitur pottur.

I. Brunatrygging innbús.

26. Vátryggingarsvið.

- 26.1 Brunatrygging bætir skemmdir á innbúi af völdum bruna sbr. grein 2.2. Vátryggingin tekur ekki til húseignarinnar sjálfrar eða fylgifyrjar hennar. Sjálfa húseignina skal brunatryggja með lögboðinni brunatryggingu húseigna.
- 26.2 Vátryggingin tekur til eftirtalinna tjónsatvika:
 - a. eldsvoða, eldingar, sprengingar, skyndilegs sótfalls frá kynditækjum,
 - b. hrops loftfars eða hluta frá þeim,
 - c. slökkvi- og björgunaraðgerða.

27. Undanþágur og takmarkanir.

- 27.1 Vátryggingin bætir ekki sviðnun eða bráðnun sem ekki verður talin eldsvoði, svo sem þegar hlutur sviðnar frá straujárnri, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar eða tjón á munum sem settir eru viljandi í hættu að eldi eða hita.

II. Vatnstjónstrygging.

28. Vátryggingarsvið.

- 28.1 Vátryggingin bætir skemmdir á hinu vátryggða af völdum vatns, olíu eða annars vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess.
- 28.2 Einnig bætist tjón sem verður þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum, vatnrúmunum eða fiskabúrum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim, svo og tjón vegna leka frá frysti- og kælikápum.
- 28.3 Tjón á húseign vegna leka úr leiðslum í sameign bætist í hlutfalli við eignarhluta vátryggðs í sameigninni.

29. Undanþágur og takmarkanir.

- 29.1 Vátryggingin bætir ekki:
 - a. skemmdir af völdum vatns, sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn sem berst, þó bætast slíkar skemmdir, ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss,
 - b. tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, snjóbráðar, sjávarfalla eða vatns frá svölum, úr þakrennum eða frárennislleiðslum þeirra,
 - c. tjón af völdum leka úr skolp- eða frárennislleiðslum í grunni hinnar vátryggðu fasteignar, sem rekja má til missigs, eðlilegs slits eða tæringar.

30. Óupphituð hús, varúðarregla.

- 30.1 Í óupphituðum húsum skal lokað fyrir vatnsaðstreymi og vatnslögn ásamt viðtengdum tækjum tæmd, þegar hætta er á frosti. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

31. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

- 31.1 Vátryggingarbætur miðast við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign og innbúi. Bætur greiðast einnig fyrir kostnað við uppbot og rask, sem óhjákvæmilegt er til þess að komast fyrir leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin sé ekki í lakara ástandi en fyrir tjón.
- 31.2 Bætur greiðast þó aldrei fyrir þann hlut eða hluti, sem tjóninu olli, s.s. sjálf rörin í húsinu (miðstöðvar-, vatns- og frárennslisrör), ofna, tæki eða vinnu við lagfæringu eða endurlögn þeirra vegna bilunar.

III. Innbrots- og skemmdarverktrygging.

32. Vátryggingarsvið.

- 32.1 Vátryggingin tekur til eftirtalinna tjónsatvika:
- þjófnað á innbúi við innbrot í læst sumarhús,
 - skemmda á vátryggðum munum sem valdið er af ásetningi í kjölfar innbrota,
 - skemmdir á vátryggðri húseign af völdum innbrots eða tilraunar til innbrots.
- 32.2 Það er skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

33. Undanþágur og takmarkanir.

- 33.1 Vátryggingin bætir ekki:
- tjón vegna þjófnaðar úr ólæstum vistarverum eða farartækjum,
 - tjón vegna þjófnaðar á eða úr tjöldum eða tjaldvögnum,
 - tjón af völdum vátryggðs sjálfs eða einhvers þess sem heimild hefur til veru í sumarhúsi vátryggðs,
 - skemmdir á póstkösum bætast ekki,
 - tjón á munum sem voru utandyra annars staðar en á lóð við sumarhús vátryggðs.

IV. Fok- og óveðurstrygging.

34. Vátryggingarsvið.

- 34.1 Vátryggingin bætir skemmdir á hinu vátryggða af völdum ofsaveðurs, þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða vegg húseignarinnar eða valda tjóni á öðru því, sem vátryggt er, enda hafi vindhraði, þá er tjón varð, náð yfir 28,5 m/sek. (metrar á sekúndu) samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands.

35. Undanþágur og takmarkanir.

- 35.1 Vátryggingin bætir ekki:
- tjón á munum utanhúss,
 - tjón sem verður vegna flóða í kjölfar óveðurs,
 - tjón af völdum úrkomu nema það sem verður sem bein afleiðing af skyndilegu tjóni á hlutaðeigandi húsi,
 - tjón af völdum sandfoks.
- 35.2 Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

V. Glertrygging.

36. Vátryggingarsvið.

- 36.1 Vátryggingin bætir tjón á venjulegu rúðugleri í vátryggðri eign, en því aðeins að það brotni eftir að það var sett í. Sé glerið tekið úr aftur, fellur glertryggingin niður.
- 36.2 Skreytingar og annað, sem eykur verðgildi glers, þarf að vátryggja sérstaklega.

37. Undanþágur og takmarkanir.

- 37.1 Vátryggingin bætir ekki:

121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- a. tjón af eldsvoða, eldingu eða annarri áhættu, sem lögboðin brunatrygging eða viðlagatrygging nær til,
- b. tjón sem stafar af byggingarframkvæmdum eða viðgerð utanhúss innan 10 metra frá glerinu, nema málun eða venjulegu viðhaldi húss,
- c. skemmdir vegna vinnu við breytingar nálægt glerinu eða ramma þess,
- d. skemmdir, sem raktar verða til sérstaks útbúnaðar á glerinu, t.d. (til dæmis) loftloka eða vinnu við slíkan útbúnað,
- e. tjón á gleri af völdum móðu á milli glerja,
- f. skemmdir af þenslu, vindingi eða ófullkomnu viðhaldi ramma eða lista.

38. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

- 38.1 Bætur félagsins miðast við verð á nýju gleri af sömu stærð og gæðum ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði í þéttbýli. Miða skal við viðgerðarkostnað eins og hann er, þegar tjón verður.

VI. Þjófnaðar- og ránstrygging.

39. Vátryggingarvið.

- 39.1 Vátryggingin tekur til eftirtalinnna tjónsatvika:
- a. þjófnaðar úr ólæstu sumarhúsi,
 - b. töku vátryggðra muna með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað.

40. Undanþágur og takmarkanir.

- 40.1 Vátryggingin bætir ekki:
- a. tjón sem verður þegar vátryggður gleymir hlut, týnir honum eða fer þannig með að við missi mætti búast,
 - b. tjón vegna þjófnaðar úr mannlausu sumarhúsi eða sumarhúsi sem vátryggður leigir öðrum,
 - c. tjón vegna þjófnaðar sem framinn er af hinum vátryggða eða með vitneskju hans,
 - d. þjófnað af hendi aðila sem hinn vátryggði hefur boðið í sumarhús sitt.

VII. Brots-, hruns- og sigtrygging.

41. Vátryggingarvið.

- 41.1 Vátryggingin tekur til eftirtalinnna tjónsatvika:
- a. tjóns sem verður á vátryggðri húseign, ef loftklæðning innanhúss, naglföst innrétting eða hlutar þeirra falla niður vegna skyndilegrar bilunar,
 - b. skemmda sem verða innbúi af völdum þess að munir úr innbúinu detta skyndilega niður og brotna án utanaðkomandi áhrifa,
 - c. brot á keramikhelluborðum í eldhúsinnréttingu vegna skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atburðar, sbr. nánar í 2. mgr.
 - d. tjóns á hinu vátryggða af völdum sigs, sbr. nánar í 3. mgr.
- 41.2 Bótageiðslur vegna brots á helluborðum, sbr. c. lið 1. mgr., takmarkast við verðmæti helluborðsins sjálfs. Ekki bætast skemmdir á helluborðinu vegna viðhalds eða viðgerða á því sjálfu eða innréttingunni sem helluborðið er inngreipt í. Þá bætist ekki tjón sem verður við að helluborðið rispast eða úr því flísast.
- 41.3 Tjón af völdum sigs, sbr. d. lið 1. mgr., bætist því aðeins að tjónsorsökin eigi rót sína að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs atviks. Þá er skilyrði bótaskyldu að sumarhúsið teljist óbúðarhæft af völdum sigs. Hámarksbætur vegna tjóns undir þessum lið nema 20% af vátryggingarfjárhæð sumarhússins.

42. Undanþágur og takmarkanir.

- 42.1 Vátryggingin bætir ekki:
- a. skemmdir á sínum, verkfærum, gleraugum, úrum, myndavélum, myndbandsupptökuvélum eða öðrum persónulegum lausafjármunum,
 - b. skemmdir sem verða þegar verið er að færa hluti til né skemmdir sem valdið er með því að toga í þá, fella eða henda þeim niður,

121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- c. skemmdir sem verða utan sumarhússins,
- d. skemmdir af völdum vökva sem hellist niður,

VIII. Skýfalls- og asahlákutrygging.

43. Vátryggingarsvið.

- 43.1 Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða, ef jarðvegsvatn flæðir inn í hana, enda hafi það orðið af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfalls) eða snjóbráðar (asahláku).

44. Undanþágur og takmarkanir.

- 44.1 Vátryggingin bætir ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns frá svölum eða þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra eða vegna sjávarfalla og/eða grunnvatns. Sama á við um vatnstjón sem Viðlagatryggingu Íslands er skylt að bæta.

IX. Skammhlaupstrygging.

45. Vátryggingarsvið.

- 45.1 Vátryggingin bætir skemmdir á rafmagnstækjum vegna skammhlaups í þeim.

46. Undanþágur og takmarkanir.

- 46.1 Vátryggingin bætir ekki:
- a. tjón á tækjum sem eru eldri en 10 ára,
 - b. tjón sem ábyrgð samkvæmt ábyrgðarskírteini nær til,
 - c. tjón sem rekja má til slits, ónógs viðhalds eða rangrar samsetningar,
 - d. tjón sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.

X. Umferðaróhapp.

47. Vátryggingarsvið.

- 47.1 Vátryggingin tekur til skemmda á hinu vátryggða innbúi sem er í ökutæki er lendir í umferðaróhappi.

48. Undanþágur og takmarkanir.

- 48.1 Vátryggingin bætir ekki:
- a. tjón, þegar um búferlaflutninga er að ræða,
 - b. tjón á munum þegar flutt er gegn gjaldi,
 - c. tjón sem fást bætt úr öðrum vátryggingum.

XI. Hreinlætistækjatrygging.

49. Vátryggingarsvið.

- 49.1 Vátryggingin bætir brot á fasttengdum hreinlætistækjum sem teljast hluti hinnar vátryggðu fasteignar, s.s. vöskum, baðkerum, salernisskálum og vatnskössum, enda hafi það orðið vegna skyndilegs, óvænts og utanaðkomandi atburðar.

50. Undanþágur og takmarkanir.

- 50.1 Vátryggingin bætir ekki:
- a. fylgihluti s.s. salernissetur og krana, sem unnt er að nota aftur,
 - b. rispur eða aðrar skemmdir sem ekki teljast brot,
 - c. kostnað við aftengingu, uppbrot eða uppsetningu.

51. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

- 51.1 Tjón á hreinlætistækjum bætist með því að félagið greiðir vátryggðum bætur sem samsvara verði þess



121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

sem brotnaði.

- 51.2 Séu sams konar tæki og tjón verður á ófáanleg, bætir félagið tjónið með verði á sambærilegu tæki eins og það verð var á tjónsdegi.

XII. Frostsprungutrygging.

52. Vátryggingarsvið.

- 52.1 Vátryggingin bætir tjón vegna frostsprungna á innanhúsvatnsleiðslukerfi hinnar vátryggðu húseignar sem verður við það að hitakerfi hússins bílar skyndilega.
- 52.2 Tjón af völdum vatns er hins vegar bætt úr vatnstjónstryggingunni.

53. Óupphituð hús, varúðarregla.

- 53.1 Í óupphituðum húsum skal lokað fyrir vatnsaðstreymi og vatnslögn ásamt viðtengdum tækjum tæmd, þegar hætta er á frosti. Brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

XIII. Snjópungatrygging.

54. Vátryggingarsvið.

- 54.1 Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða, sem er afleiðing af skyndilegum snjópunga sem sligað hefur þak eða veggi hennar.

55. Undanþágur og takmarkanir.

- 55.1 Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum snjóflóða eða tjón sem er afleiðing byggingargalla.

XIV. Sótfallstrygging.

56. Vátryggingarsvið.

- 56.1 Vátryggingin bætir skemmdir á hinu vátryggða sökum bruna annarra fasteigna eða muna, sinubruna eða skyndilegs og óvænts sótfalls frá kynditækjum eða eldstæðum, sem ætluð eru til að hita upp húsnæði, enda fáist tjónið ekki bætt úr brunatryggingu fasteignarinnar. Gerð eldstæðis skal vera í samræmi við lög og önnur opinber fyrirmæli. Að öðrum kosti getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta.

VALKVÆÐAR TRYGGINGAR.

XV. Innbúskaskó.

57. Vátryggingarsvið.

- 57.1 Víðtæka innbúsvernd er unnt að kaupa til viðbótar við þá vernd sem veitt er í Sumarhúsatryggingu. Slík vernd ber heitið Innbúskaskó.
- 57.2 Vátryggingin tekur til tjóns á hinu vátryggða af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingartímabilinu. Það er skilyrði fyrir bótum úr vátryggingunni að tjónið sé ekki bótaskyldt úr öðrum tryggingum Sumarhúsatryggingar. Þá bætir vátryggingin ekki þann hluta tjóns sem ekki fæst bættur úr Sumarhúsatryggingu sökum þess að bótafjárhæð er þar háð takmörkunum.

58. Vátryggingðir munir.

- 58.1 Vátryggingin tekur til tjóns sem verður á almennu innbúi og persónulegum lausafjarmunum vátryggðs sem fylgja að staðaldri sumarhúsi eins og nánar getur í gr. 3.2.

59. Undanþágur og takmarkanir.

- 59.1 Vátryggingin bætir ekki tjón:
- þegar hið vátryggða týnist, gleymist, misleggst eða er skilið eftir á almannafæri,



121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- b. vegna þjófnaðar úr ólæstum hífýlum, bílum, bátum, svo og vegna þjófnaðar úr tjöldum, tjaldvögnum, og fellihýsum,
- c. af völdum snöggra hita- og/eða rakabreytinga,
- d. af völdum eðlilegs slits eða ófullnægjandi viðhalds,
- e. af völdum galla, útlitsgalla, samsetningargalla eða bilana.

60. Varúðarregla

- 60.1 Vátryggður skal fylgja notkunarleiðbeiningum sem gilda um vátryggða muni, ella getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta sbr. 26. gr. laga um vátryggingasamninga.

61. Vátryggingarfjárhæð.

- 61.1 Hámarksbætur vegna hvers tjónsatviks og samanlagt á vátryggingarárinu er sú vátryggingarfjárhæð fyrir Innbúskaskó sem tilgreind er á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

62. Önnur ákvæði.

- 62.1 Um vátryggingu þessa gilda að öðru leyti skilmálar Sumarhúsatryggingarinnar eftir því sem við á.

XVI. Kæli- og frystivörutrygging.

63. Vátryggingarsvið.

- 63.1 Vátryggingin bætir skemmdir á frystikistu eða ísskáp svo og matvælum í þeim sem verða vegna þess að rafstraumur rofnar skyndilega og óvænt. Hámark bóta vegna hvers tjónsatviks nemur 2% af vátryggingarfjárhæð innbúss.

64. Undanþágur og takmarkanir.

- 64.1 Vátryggingin bætir ekki:
- a. tjón á sjálfri frystikistunni, - skápnunum eða ísskápnunum ef munir þessir eru eldri en 5 ára,
 - b. tjón sem ábyrgð samkvæmt ábyrgðarskírteini nær til,
 - c. tjón af völdum slits eða ónógs viðhalds,
 - d. tjón sem verða vegna lokunar rafveitu á rafmagni.

XVII. Ofhitun á þvotti.

65. Vátryggingarsvið.

- 65.1 Vátryggingin bætir skemmdir á þvotti af völdum ofhitunar í þvottavél eða þurrkara sem stafar af bilun í rafeindabúnaði þvottavélarinnar eða þurrkarans. Hámark bóta vegna hvers tjónsatviks nemur 5% af vátryggingarfjárhæð innbúss.

66. Sönnun tjóns.

- 66.1 Staðfestingu þarf frá viðurkenndu verkstæði eða viðgerðaraðila að um bilun í rafeindabúnaði vélarinnar sé að ræða.

67. Undanþágur og takmarkanir.

- 67.1 Vátryggingin bætir ekki tjón á sjálfri þvottavélinni eða þurrkaranum.

XVIII. Gróðurinn.

68. Vátryggingarsvið.

- 68.1 Vátryggingin tekur til skemmda á gróðri á lóð vátryggðs sumarhúss vegna bruna, óveðurs, snjópunga, aurskriða, snjóflóða og skemmdarverka vegna bótaskylds tjóns. Hámarksbætur í hverju tjóni og eigin áhætta kemur fram á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

68.2 Brunatjón.

Vátryggingin tekur til eftirtalinna tjónsatvika:

- a. sinubruna, eldsvoða, eldingar, sprengingar,
- b. hraps loftfars eða hluta frá þeim.

68.3 Fok- og óveður.

Vátryggingin bætir skemmdir á hinum vátryggða gróðri sem rekja má til óveðurs þegar vindhraði hefur náð yfir 28,5 m/sek. samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

68.4 Snjóþungi.

Vátryggingin bætir tjón á gróðri af völdum skyndilegs snjóþunga sem sligað hefur gróður. Hafa þarf til hliðsjónar hvort almennt eignatjón, þ. á m. á gróðri, hafi orðið á svæðinu af völdum fannfergis, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

68.5 Náttúruhamfarir.

Vátryggingin tekur til skemmda á gróðri sökum eldgoss, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Vatnsflóð merkir flóð, er verður þegar ár eða lækir flæða skyndilega yfir bakka sína eða flóðbylgjur frá sjó eða vötnum ganga á land og valda skemmdum eða eyðileggingu á vátryggðum munum. Árleg eða reglubundin flóð úr ám, lækjum, sjó eða vötnum teljast hér ekki vatnsflóð. Sama á við um venjulegt leysingavatn eða flóð, sem að einhverju eða öllu leyti verður af mannavöldum, t.d. þegar vatnsgeymar, stíflugarðar eða önnur mannvirki bresta af öðrum ástæðum en náttúruhamförum.

68.6 Skemmdarverk.

Vátryggingin bætir skemmdir á gróðri vegna skemmdarverka sem gerð eru af ásettu ráði og tengist beinlínis tjónsatviki sem er bótaskyld úr öðrum liðum sumarhúsatryggingarinnar.

69. Undanþágur og takmarkanir.

69.1 Vátryggingin bætir ekki:

- a. tjón sem framín er af einhverjum hinna vátryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra,
- b. tjón af hendi aðila sem einhver hinna vátryggðu hafa boðið í hið vátryggða sumarhús.

XIX. Eigur vina og vandamanna.

70. Vátryggingarsvið.

70.1 Vátryggingin tekur til persónulegra eigna vina og vandamanna vátryggðs sem eru gestir í sumarhúsi vátryggðs og bætir tjón vegna bruna, innbrotspjófnadar og vatnstjóns. Hámarksbætur á hvern einstakling og eigin áhætta kemur fram á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

70.2 Brunatjón.

Vátryggingin tekur til eftirtalinna tjónsatvika:

- a. eldsvoða, eldingar, sprengingar, skyndilegs sótfalls frá kynditækjum eða bruna annarra fasteigna eða muna,
- b. hraps loftfars eða hluta frá þeim.

70.3 Innbrotspjófnadar.

Það telst innbrot þegar þjófur hefur komist eða reynt að komast inn í læst húsnæði með því að brjóta upp dyr eða opna með stolnum lykli eða með öðrum sambærilegum, afbrigðilegum ráðum. Ennfremur telst það innbrot þegar farið er inn um op, sem ekki er ætlað til inngöngu, enda séu gluggar og önnur op, sem komast má að utan frá lokuð og krækt aftur nema þar sem nauðsyn krefur til að fá innstreymi fersks lofts. Það er skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

70.4 Vatnstjón.

Vátryggingin bætir skemmdir á hinum vátryggðu munum af völdum vatns, olíu eða annars vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Einnig bætist tjón sem verður þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum, vatnsrúnum eða fiskabúrum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim, svo og tjón vegna leka frá frysti- og kælikápum.



121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

71. Undanþágur og takmarkanir.

71.1 Vátryggingin bætir ekki:

- sviðnun eða bráðnun sem ekki verður talin eldsvoði, svo sem þegar hlutur sviðnar frá straujárnri, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar eða tjón á munum sem settir eru viljandi í hættu frá eldi eða hita,
- þjófnað eða skemmdir á lausafé sem geymt er í opnum skemmum, skýlum, húsum í smíðum eða geymslum sem klæddar eru pappa, plastdúk o.þ.h., þó er ekki skilyrði vegna brunatjóna að hið vátryggða sé í læstri vistarveru,
- skemmdir af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn sem berst, þó bætast slíkar skemmdir ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss,
- tjón sem framin eru af einhverjum hinna vátryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra,
- tjón af hendi aðila sem einhver hinna vátryggðu hafa boðið inn í hið vátryggða sumarhús,
- tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, snjóbráðar, sjávarfalla eða vatns frá svölum, úr þakrennum eða frárennislleiðslum þeirra,
- tjón af völdum leka úr skolp- eða frárennislleiðslum í grunni hinnar vátryggðu fasteignar sem rekja má til missigs, eðlilegs slits eða tæringar.

XX. Orlofstækjatrýgging.

72. Vátryggingarsvið.

72.1 Vátryggingin tekur til tjóns á vélknúnum / óvélknúnum leiktækjum sökum bruna, innbrotspjófnaðar og vatnstjóns.

- Vélknúin leiktæki sem vátryggingin tekur til eru: Fjór hjól, mótör hjól, snjósleði, sæpota, mótörbátur ásamt sláttuvéltraktor, snjóblásara og öðrum sams konar vélknúnum tækjum sem tengjast sumarhúsinu,
- Óvélknúin leiktæki sem vátryggingin tekur til eru: Árabátur, kajak, barnaleiktæki, trampólín og önnur sams konar óvélknúin tæki sem tengjast sumarhúsinu.

72.2 Brunatjón.

Vátryggingin tekur til eftirtalinnna tjónsatvika:

- sinubruna, eldsvoða, eldingar, sprengingar, skyndilegs sótfalls frá kynditækjum eða bruna frá öðrum fasteignum eða munum.
- hraps loftfars eða hluta frá þeim.

72.3 Innbrotspjófnaður.

Það telst innbrot þegar þjófur hefur komist eða reynt að komast inn í læst húsnæði með því að brjóta upp dyr eða opna með stolnum lykli eða með öðrum sambærilegum, afbrigðilegum ráðum. Ennfremur telst það innbrot þegar farið er inn um op, sem ekki er ætlað til inngöngu, enda séu gluggar og önnur op, sem komast má að utan frá lokuð og krækt aftur nema þar sem nauðsyn krefur til að fá innstreymi fersks lofts. Það er skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

72.4 Vatnstjón.

Vátryggingin bætir skemmdir á hinu vátryggða af völdum vatns, olíu eða annars vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Einnig bætist tjón sem verður þegar vatn flæðir úr hreinlætistækjum, vatnsrúmum eða fiskabúrum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim, svo og tjón vegna leka frá frysti- og kæliþápum.

73. Undanþágur og takmarkanir.

73.1 Vátryggingin bætir ekki:

- sviðnun eða bráðnun sem ekki verður talin eldsvoði, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar eða tjón á munum sem settir eru viljandi í hættu frá eldi eða hita,
- þjófnað eða skemmdir á lausafé sem geymt er í opnum skemmum, skýlum, húsum í smíðum eða geymslum sem klæddar eru pappa, plastdúk o.þ.h., þó er ekki skilyrði vegna brunatjóna að hið



121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- vátryggða sé í læstri vistarveru,
- c. skemmdir af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn sem berst, þó bætast slíkar skemmdir ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss,
 - d. tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, snjóbráðar, sjávarfalla eða vatns frá svölum, úr þakrennum eða frárennislisleiðslum þeirra,
 - e. tjón af völdum leka úr skolp- eða frárennislisleiðslum í grunni hinnar vátryggðu fasteignar sem rekja má til missigs, eðlilegs slits eða tæringar,
 - f. tjón sem framin eru af einhverjum hinna vátryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra,
 - g. tjón af hendi aðila sem einhver hinna vátryggðu hafa boðið inn í hið vátryggða sumarhús.

74. Vátryggingarverðmæti.

- 74.1 Greiðsluskylda félagsins takmarkast á hverju vátryggingartímabili við upphæð sem nánar er tilgreind á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 74.2 Vátryggingarverðmæti leiktækja miðast við nývirði þ.e. þá upphæð er þurft hefði til kaupa á hlutum þeim er fórust eða skemmdust með því verðlagi sem síðast var á slíkum hlutum áður en tjónið bar að höndum án frádráttar vegna aldurs og notkunar en að fráreginni hæfilegri fjárhæð vegna verðryrnunar sökum minnkaðs notagildis eða annarra atvika.

75. Breytt áhætta

- 75.1 Vátryggðum er skylt að tilkynna félaginu tafarlaust:
 - a. ef hið vátryggða er flutt á annan stað en getið er í skírteininu,
 - b. ef aðrar breytingar verða á hlutum þeim sem vátryggingin tekur til, t.d. varðandi gerð eða notkun þeirra sem auka hættu á tjóni,
 - c. ef keypt er önnur vátrygging sem tekur til sömu áhættu,
 - d. ef eigendaskipti verða.
- 75.2 Láti vátryggður hjá líða að tilkynna breytingar skv. 1.mgr. getur hann misst rétt til vátryggingarbóta eftir reglum vátryggingarsamningalaga, svo og vegna þess að vátryggingin tekur einungis til tækja sem tengjast hinu vátryggða sumarhúsi.

XXI. Gervihnattadiskur.

76. Vátryggingarsvið.

- 76.1 Vátryggingin tekur til tjóns af völdum bruna, óveðurs, þjófnaðar við innbrot og skemmda á hinu vátryggða sem valdið er af ásetningi í kjölfar þjófnaðar.
- 76.2 **Brunatjón.**
Vátryggingin tekur til eftirtalinna tjónsatvika:
 - a. eldsvoða, eldingar, sprengingar, skyndilegs sótfalls frá kynditækjum eða bruna annarra fasteigna eða muna,
 - b. hrops loftfars eða hluta frá þeim.
- 76.3 **Fok- og óveður.**
Vátryggingin bætir skemmdir á hinu vátryggða sem rekja má til óveðurs þegar vindhraði hefur náð yfir 28,5 m/sek. samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.
- 76.4 **Innbrotþjófnaður.**
Vátryggingin tekur til þjófnaðar við innbrot og skemmda á hinu vátryggða sem valdið er af ásetningi í kjölfar slíks þjófnaðar. Skilyrði fyrir bótaskyldu er að á tjónsstað séu greinileg merki þess að um innbrot hafi verið að ræða.

77. Undanþágur og takmarkanir.

- 77.1 Vátryggingin bætir ekki:
 - a. sviðnun eða bráðnun sem ekki verður talin eldsvoði, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða



121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- Þess háttar eða tjón á munum sem settir eru viljandi í hættu af eldi eða hita,
- tjón vegna þjófnaðar/skemmdarverka sem framin er af einhverjum hinna váttryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra,
 - þjófnað/skemmdarverk af hendi aðila sem einhver hinna váttryggðu hafa boðið í hið váttryggða sumarhús,

XXII. Viðbygging / sólpallur.

78. Váttryggingarsvið.

78.1 Váttryggingin tekur til tjóns af völdum bruna, óveðurs, þjófnaðar og skemmda á hinu váttryggða sem valdið er af ásetningi í kjölfar bótaskylds tjóns. Einnig tekur váttryggingin til vatnstjóna á viðbyggingu, sbr.lið II í þessum kafla.

78.2 Brunatjón.

Váttryggingin tekur til eftirtalinnna tjónsatvika:

- eldsvoða, eldingar, sprengingar, skyndilegs sótfalls frá kynditækjum eða vegna bruna annarra fasteigna eða muna,
- hraps loftfars eða hluta frá þeim.

78.3 Fok- og óveður.

Váttryggingin bætir skemmdir á hinu váttryggða sem rekja má til óveðurs þegar vindhraði hefur náð yfir 28,5 m/sek. samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

78.4 Innbrotþjófnaður.

Váttryggingin tekur til þjófnaðar við innbrot og skemmda á hinu váttryggða sem valdið er af ásetningi í kjölfar slíks þjófnaðar. Skilyrði fyrir bótaskyldur er að á tjónsstað séu greinileg merki þess að um innbrot hafi verið að ræða.

78.5 Vatnstjón.

Váttryggingin bætir skemmdir á hinu váttryggða af völdum vatns, olíu eða annars vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Einnig bætist tjón sem verður þegar vatn flæðir úr hreinlætistöskjum, vatnsrúmunum eða fiskabúrum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim, svo og tjón vegna leka frá frysti- og kælikápum.

79. Undanþágur og takmarkanir.

79.1 Váttryggingin bætir ekki:

- sviðnun eða bráðnun sem ekki verður talin eldsvoði, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar eða tjón á munum sem settir eru viljandi í hættu að eldi eða hita,
- tjón vegna þjófnaðar/skemmdarverka sem framin er af einhverjum hinna váttryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra,
- þjófnað/skemmdarverk af hendi aðila sem einhver hinna váttryggðu hafa boðið í hið váttryggða sumarhús,
- skemmdir af völdum vatns, sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn sem berst þó bætast slíkar skemmdir ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss,
- tjón vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, snjóbráðar, sjávarfalla eða vatns frá svólum, úr þakrennum eða frárennislleiðslum þeirra,
- tjón af völdum leka úr skolp- eða frárennislleiðslum í grunni hinnar váttryggðu fasteignar, sem rekja má til missigs, eðlilegs slits eða tæringar.

XXIII. Heitur pottur.

80. Váttryggingarsvið.

80.1 Váttryggingin tekur til tjóns af völdum bruna, óveðurs, þjófnaðar, og skemmda á hinu váttryggða sem valdið er af ásetningi í kjölfar þjófnaðar.

121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

80.2 Brunatjón.

Vátryggingin tekur til eftirtalinna tjónsatvika:

- sinubruna, eldsvoða, eldingar, sprengingar,
- hraps loftfars eða hluta frá þeim.

80.3 Fok- og óveður.

Vátryggingin bætir skemmdir á hinu vátryggða sem rekja má til óveðurs þegar vindhraði hefur náð yfir 28,5 m/sek. samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað.

80.4 Þjófnaður.

Vátryggingin tekur til þjófnaðar og skemmda á hinu vátryggða sem valdið er af ásetningi í kjölfar þjófnaðar. Skilyrði fyrir bótaskyldu er að á tjónsstað séu greinileg vegsummerki að um þjófnað sé að ræða.

80.5 Frostsprungur.

Vátryggingin bætir tjón vegna frostsprungna á lagnakerfi pottsins sem verður við það að lagnir pottsins frostspringa.

81. Undanþágur og takmarkanir.

81.1 Vátryggingin bætir ekki:

- sviðnun eða bráðnun sem ekki verður talin eldsvoði, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar eða tjón á munum sem settir eru viljandi í hættu af eldi eða hita,
- tjón vegna þjófnaðar/skemmdarverka sem framin er af einhverjum hinna vátryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra,
- þjófnað/skemmdarverk af hendi aðila sem einhver hinna vátryggðu hafa boðið inn í hið vátryggða sumarhús.

3. kafli.

ÁBYRGÐARTRYGGING HÚSEIGANDA.

82. Vátryggingarsvið.

82.1 Vátryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fallið getur samkvæmt íslenskum lögum á vátryggðan sem eiganda húseignar þeirrar eða húseignarhluta, er á skírteini greinir.

82.2 Vátryggingin nær aðeins til tjóns, sem verður vegna húseignarinnar eða eignarhluta vátryggðs í henni eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum hússins og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans, enda sé skaðabótaskylda bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þ.m.t. fasteignum og dýrum) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

83. Vátryggingarfjárhæð og eigin áhætta.

83.1 Hámarksbætur vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar og samanlagt á vátryggingartímabilinu eru tilgreindar á skírteini eða iðgjaldskvittun.

83.2 Vegna hvers vátryggingaratburðar ber vátryggður eigin áhættu sem nánar er tilgreind á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

84. Undanþágur og takmarkanir.

84.1 Ábyrgðartryggingin tekur ekki til skaðabótaábyrgðar vátryggðs vegna atvika sem tilgreind eru í 2. til 9. mgr. hér á eftir.

84.2 Tjón sem fjölskylda vátryggðs verður fyrir. Til fjölskyldu teljast maki vátryggingartaka eða annar sá aðili sem vátryggður býr með í föstu varanlegu sambandi, börn og annað fjölskyldulið, enda eigi þessir aðilar sameiginlegt lögheimili.

84.3 Tjón á munum sem vátryggður hefur að láni, til leigu, geymslu eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal munum, sem vátryggður hefur með höndum heimildarlaust.

84.4 Tjón sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.

84.5 Tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Sama gildir um tjón á hlutum í



121 Sumarhúsatrygging TM2 og TM3

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

sambandi við slíka mengun. Ábyrgðartryggingin bætir þó tjón af síðast nefndu tagi, ef það verður rakið til eins ákveðins atburðar.

- 84.6 Tjón, sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka.
- 84.7 Eignatjón sem stafar af sprengingu eða uppgreftri.
- 84.8 Sektir, málskostnaður eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- 84.9 Endurkrafa frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum opinberum tryggingastofnunum.

85. Viðhald húss og byggingaframkvæmdir.

- 85.1 Vátryggingin nær til ábyrgðar húseiganda vegna tjóns sem hlýst af minni háttar viðhaldi húss.
- 85.2 Vátryggingin nær ekki til viðhalds eða byggingaframkvæmda sem nema hærri fjárhæð en 5% af vátryggingarfjárhæð húss.

86. Tímamörk vátryggingarinnar.

- 86.1 Komi afleiðingar athafna eða athafnaleysis, sem tjón hefur hlotist af og átt hafa sér stað á vátryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið bætur samt sem áður. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón, sem er afleiðing athafna eða athafnaleysis fyrir þann tíma er vátryggingin hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímanum.
- 86.2 Leiki vafi á því, hvenær athafnaleysi hefur valdið tjóni, ber að telja það hafa orðið, er athöfn hefði síðast getað farið fram til að afstýra tjóninu.

87. Tjónsuppgjör og kostnaður við það.

- 87.1 Ef bótakrafa kemur fram á hendur vátryggðum á því sviði, sem vátryggingin nær til, á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn, ef til hennar kemur. Kostnað, sem af þessu leiðir, greiðir félagið, enda þótt kostnaður og bætur samanlagt séu hærri en vátryggingarfjárhæðin.

88. Réttur til að greiða til tjónþola og til útborgunar á vátryggingarfjárhæðinni.

- 88.1 Félagið hefur rétt til að greiða bætur beint til þriðja manns (tjónþola). Þegar vátryggður er ábyrgur vegna tjóns getur félagið á hvaða stigi málsins sem er fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með því að greiða þá vátryggingarfjárhæð, sem við á, og áfallna vexti og kostnað sem svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.